

Afreksstefna Bogfiminefndar ÍSÍ

Inngangur:

Þetta er fyrsta afreksstefna Bogfiminefndar ÍSÍ (endurskoðuð 5. nóvember 2015) og er hún unnin innan Afreksnefndar sem heyrir undir Bogfiminefndina. Bogfiminefndin samþykkir stefnuna og ber ábyrgð á stefnunni og einnig að henni sé viðhaldið. Stefnunni er ætlað að samræma afreksstarf innan bogfimi hreyfingarinnar á Íslandi. Greinin hefur breyst mjög hratt undanfarin ár og því viðbúið að afreksstefnan taki talsverðum breytingum á næstu misserum.

Forsaga:

Bogfimi hefur verið stunduð í einhverju mæli frá árinu 1974 þegar Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík og Íþróttafélag fatlaðra á Akureyri (nú Íþróttafélagið Akur) voru stofnuð. Frá upphafi stunduðu bæði fatlaðir og ófatlaðir íþróttina hjá báðum félögum. Undanfarin ár hafa íþróttafélögum fjölgað mjög mikið sem bjóða upp á bogfimi, má þar nefna Bogfimifélagið Boginn í Kópavogi, Tindastóll á Sauðárkróki, víkingafélögin Rimmugýgi og Hringhorni, Ungmennafélagið Efling á Laugum í Þingeyjarsýslu, Skotíþróttafélagið Drekin á Eskifirði, Skotfélag austurlands (SKAUST), Íþróttafélagið Freyja í Reykjavík og Bogfimifélagið Álfar á Akureyri auk Bogveiðifélags Íslands. (Sum þessara félaga eru utan ÍSÍ).

Frá árinu 2012 hefur orðið sprenging í fjölda iðkenda og þá sérstaklega eftir tilkomu Bogfimisetsursins sem færði íþróttina nær almenningi en áður hafði verið.

Bogfiminefnd ÍSÍ hefur síðustu ár gengist fyrir bogfimimótum þ.m.t. Íslandsmótum og einnig Reykjavík International Games (RIG). Gera má ráð fyrir að vinsældir bogfimi muni halda áfram að aukast hratt á Íslandi - þar sem stunda má íþróttina innandyrá árið um kring og eins utandyra þegar veður leyfir.

Staðan í dag:

Í dag hefur öll þjálfun farið fram af aðilum innan bogfimifélaganna, þá aðallega í formi námskeiða. Unnið er að eflingu þekkingar á þjálfunarmálum bogfimi með heimsóknum erlendra þjálfara, á vegum Alþjóða Bogfimisambandsins, sem halda þjálfaranámskeið.

Aðstaða:

Í dag hafa félögin flest aðgang að innandyrá aðstöðu til að skjóta boga á 18 metrum og styttra. Hjá ÍFR er aðgangur að 50 metra útivelli sem var opnaður sumarið 2014. Engin aðstaða er í dag til að skjóta af boga á 70 eða 90 metrum, hvorki innan né utandyra. Á Ólympíuleikum er keppt á 70 metra færi og því brýnt að koma upp aðstöðu fyrir æfingar á slíkum vegalengdum – bæði utandyra og eins innandyrá til að nýta yfir vetrartímann.

Útbreiðsla:

Samkvæmt síðustu tölum eru í dag 7 aðildarfélög með ríflega 600 iðkendur. Má segja að sú starfsemi sé vítt og breitt um landið þó fjöldinn sé mestur á höfuðborgarsvæðinu.

Styrkleiki/veikleiki:

Styrkur bogfimi á Íslandi er helst í einstaklingskeppni í sveigbogaflokki karla og trissubogaflokki karla og kvenna en einnig liðakeppni í trissubogaflokki karla og kvenna. Í þessum greinum hafa keppendur náð hvað lengst á alþjóðlegum mótum en áhugi er fyrir því að efla keppni á lengri vegalengdum svo og liðakeppnir, sérstaklega í sveigbogaflokki karla og kvenna en í þeim greinum er keppt á Ólympíuleikum. Þá er Alþjóða Bogfimisambandið að vinna í því að koma trissubogaflokki inn á Ólympíuleika. Einnig eru mjög efnilegir einstaklingar í unglingsflokkunum.

Helstu veikleikar eru tengdar aðstöðuleysi á lengri vegalengdum svo og skortur á þjálfurum fyrir lengra komna.

Tækifæri/Ógnanir:

Okkar helstu tækifæri eru tengd unglिंगastarfi en einnig góðum árangri í trissubogaflokki karla og kvenna sem og sveigbogaflokki karla.

Helstu ógnanir eru fólgnar í afstöðu og þekkingarleysi yfirvalda gagnvart bogfimi þegar kemur að utandyra æfingaaðstöðu.

Afrek:

Skilgreining Bogfiminefndar á afreki:

Allar viðmiðanir tengjast árangri á mótum sem eru viðurkennd af Alþjóða Bogfimisambandinu (World Archery).

Sá árangur sem við teljum vera afrek á erlendum vettvangi er að ná Ólympíulágmarki á einu af þeim mótum sem gefa rétt til þátttöku á Ólympíuleikum.

Þrátt fyrir að Bogfiminefndin noti árangur á Íslandsmótum til ákvörðunar þátttöku á erlendum mótum og við val á landsliðsfólki munum við að þessu sinni ekki telja ákveðinn árangur hér heima til afreka nema að þau séu Íslandsmet.

Gagnvart árangri á erlendum mótum, s.s. heimsmeistaramótum/heimsbikarmótum innan- og utanhúss teljum við það afrek að ná topp 10% eða ofar í forkeppni (e. ranking) á mótum á vegum Alþjóða Bogfimisambandsins og verðlaunasæti á öðrum viðurkenndum mótum.

Markmið:

Almennt markmið:

Að byggja upp hóp iðkenda sem vinnur til verðlauna á alþjóðlegum stórmótum og efla reynslu í keppni á slíkum mótum.

Áfangamarkmið:

Þátttaka á Ólympíuleikunum í Ríó 2016 í sveigbogaflokki karla.

Þátttaka á Ólympíuleikum fatlaðra í Ríó 2016 í trissubogaflokki karla.

Þátttaka á Evrópumóti í Nottingham, Bretlandi 2016.

Þátttaka á Evrópumóti fatlaðra í St. Jean de Monts Challans, Frakklandi 2016

Þátttaka á smáþjóðaleikum 2017

Þátttaka í sterkum erlendum mótum á vegum Alþjóða Bogfimisambandsins.

Langtíamarkmið:

Afreksstefna verður að vera í stöðugri endurskoðun.

Þátttaka í sterkum erlendum mótum á vegum Alþjóða Bogfimisambandsins.

Þátttaka á Ólympíuleikum í Tókýo 2020.

Helstu bogfimigreinar hÉrlendis:

70m. sveigbogaflokkur (ÓL grein)

Við berum miklar væntingar til Sigurjóns Atla Sigurðssonar í sveigbogaflokki en hann stefnir á þátttöku á Ólympíuleikum í Ríó 2016.

18m. sveigbogaflokkur

Sú grein sem vinsælust er í félögunum hÉrlendis.

50m. trissubogaflokkur

18m. trissubogaflokkur

Önnur vinsælasta greinin hérlendis í dag. Við berum miklar væntingar til Helgu Kolbrúnar Magnúsdóttur sem hefur náð glæsilegum árangri í þessum flokki sem og karlalandsliðsins sem hefur einnig náð miklum árangri.

Mun fleiri greinar og vegalengdir eru í boði í bogfimi en þær verða ekki allar taldar upp hér.

Áætlanir:

Í dag hafa áætlanir varðandi keppnisferðir erlendis verið í höndum einstaklinga og þá sem einstaklingsframtak. Á döfinni hjá Bogfiminefndinni (og sérstaklega þegar nefndin verður að sérsambandi) er að færa þetta í fastari skorður og leggja upp áætlun í upphafi keppnistímabils varðandi ferðir landsliða og kostnað þar að lútandi.

Framkvæmd:

Bogfiminefnd ÍSÍ hefur umsjón með og ber ábyrgð á að framfylgja afreksstefnu. Framkvæmdin sjálf er í höndum Afreksnefndar sem heyrir undir Bogfiminefndina. Stefnan er endurskoðuð eftir þörfum.

Niðurlag:

Hugur okkar í bogfiminni stefnir hátt – en væntingarnar takmarkast við að kostnaður við afreksstarf er mikill og einnig að aðstöðuleysi til æfinga á lengri vegalengdum er ekki til staðar. Þær upphæðir sem Bogfiminefndin hefur til umráða eru sáralitlar og því byggir afreksstarfið á einstaklingsframtaki í dag og fjármögnun úr vasa íþróttamannanna sjálfra.

Öflug afreksstefna og árangur mun færa bogfimi á hærra plan og veita íþróttinni meiri athygli. Bogfimi er íþrótt sem hefur alla burði til að verða öflug íþrótt á Íslandi þar sem inngangskostnaður er lítill og einnig einfalt að koma upp aðstöðu til æfinga innandyra.

Stjórn Bogfiminefndar ÍSÍ
Nóvember 2014